



**Staðardagskrá 21**  
**SKORRADALUR**

Í Skorradal, desember 2005

### ***Ágæti viðtakandi***

Hér með færð þú í hendur eintak af Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp. Er þetta fyrsta útgáfa dagskrárinnar fyrir sveitarfélagið, sem var samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 10. nóvember 2004. Þá var jafnframt ákveðið að eintak yrði sent til allra íbúa og eiganda fasteigna í Skorradalshreppi.

Eins og sést á Staðardagskrárskjalinu er komið ár síðan að það var samþykkt og ýmislegt hefur gerst frá þeim tíma sem liðinn er frá samþykktinni.

Það sem helst má nefna er að íbúar Skorradalshrepps höfðu í tvígang sameiningu sveitarfélaga s.l. vor. Í staðardagskrár-samþykktinni er sagt frá væntanlegum kosningum.

Vinna við aðalskipulag Skorradalshrepps hefur tekið lengri tíma en búist var við, en vonast er til að sú vinna klárast á næsta ári. Ætlunin er að Staðardagskráin verði viðauki við aðalskipulagið.

Sveitarstjórn hélt samráðsfund s.l. vor með formönnum sumarhúsafélaganna. Tókst sá fundur með ágætum og er stefnt á annan fund eftir áramót, helst fyrir aðalfundi félaganna.

Einnig er farið að hreyfa við nokkrum atriðum sem eru á verkefnalista Staðardagskrár 21. Má þar nefna að einn nefndarmanna í Staðardagskrárnefndinni hefur farið á námskeið hjá Landvernd sem kallast Vistvernd í verki og er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir heimili. Fyrsti vistverndarhópurinn í Skorradal hefur þegar verið settur á laggirnar í samstarfi við fyrsta visthópin í Borgarfjarðarsveit. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í visthópi, sem og allir þeir sem koma vilja hugmyndum eða athugasemdum á framfæri geta haft samband á netfangið; [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

Von sveitarstjórnar er að lestur Staðardagskrár 21 fyrir Skorradalshrepp verði bæði fróðleg og áhugaverð fyrir þig, en rétt er að ítreka að þetta er fyrsta útgáfa og stefnt skal að endurskoðun skjalsins innan nokkurra ára. Því er æskilegt að þeir sem koma vilja hugmyndum sínum á framfæri hafi samband við sveitarstjórn.

*Með góðri kveðju og ósk um gæfuríkt komandi ár*

sveitarstjórn Skorradalshrepps

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Staðardagskrá 21 .....	6
Samvinna íbúa og sumarhúsafólks .....	7
Drykkjarvatn .....	9
Fráveitumál .....	10
Úrgangsmál .....	12
Umhverfisfræðsla .....	14
Menningarminjar og náttúruvernd .....	16
Samgöngur .....	17
Auðlindir svæðisins .....	19
Vatnasvið Skorradalsvatns .....	20
Orka .....	20
Námur .....	21
Skógur .....	21
Útivist og upplifun .....	22
Verkefnabanki .....	25
Helstu lög og reglugerðir .....	28

## Inngangur



Skorradalur er syðstur þeirra Borgarfjarðardala, sem ganga upp frá undirlendi Borgarfjarðar og liggur hann að Skarðsheiði. Norðan Skorradals er Lundarreykjadalur og liggja hreppamörkin við Borgarfjarðarsveit eftir vatnaskilum á hálsinum sem er milli dalanna. Að sunnan deilir hreppurinn merkjum með Hvalfjarðarstrandarhreppi og Leirár- og Melahreppi. Liggja merkin um Botnsheiði, Dragafell og Skarðsheiði að sunnan og að suðvestan ná merkin yfir í Brekkufjall. Þaðan í Andakílsá og úr henni upp á hálsinn ofan Hestfjalls.

Dalurinn er 25 km langur, hlykkjóttur og frekar þröngur, nema rétt neðst. Í miðjum dalnum liggur Skorradalsvatn rúmlega 16 km langt og 14,7 km<sup>2</sup>. Skógur hefur mikla útbreiðslu í dalnum bæði náttúrulegur og ræktaður. Í sameiningu skapar skógurinn og Skorradalsvatnið sérstakt aðdráttarafl sem leitt hefur til mikillar uppbyggingar sumarhúsabyggðar í dalnum. Sú uppbygging heldur áfram á næstu árum miðað við aðalskipulag sem nú er verið að vinna fyrir sveitarfélagið. Flest þessara húsa eru vönduð heilsárshús sem bjóða upp aðra nýtingu en áður tíðkaðist með sumarhús. Þessi staðreynd krefur okkur til að líta með opnum augum til framtíðar byggðar og búsetuhátta á svæðinu.

Til að nýta sem best þá möguleika sem til staðar eru í Skorradalshreppi og jafnframt til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif sem vaxandi sumarhúsabyggð getur hugsanlega valdið, hefur verið mótuð framtíðarsýn hreppsins undir merkjum Staðardagskrár 21, þar sem stuðlað er að sjálfbærri þróun samfélagsins í heild.

Staðardagskrá 21 er velferðaráætlun sem öllum sveitarstjórnnum jarðarinnar er ætlað að gera í samræmi við

ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun, sem haldin var í Ríó de Janeiró 1992. Þessi áætlun skal unnin í samráði við íbúa og hagsmunaaðila á hverju svæði og á hún að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði. Með þessari áætlun er verið að vinna að framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið og setja niður hver vilji íbúa og annarra hagsmunaaðila er, til framþróunar í sveitarfélaginu. Meginspurningin er: *„Hvernig viljum við að sveitarfélagið þróist á næstu árum og áratugum?“*

Hreppsnefnd Skorradalshrepps skipaði nefnd sem vann að mótun Staðardagskrár 21 fyrir hreppinn. Í nefndinni sátu Árdís Dögg Orradóttir, Birkimóa; Ágúst Árnason, Felli; Helena Guttormsdóttir, Hvammi; Hulda Guðmundsdóttir, Fitjum og Pétur Davíðsson, Grund. Með nefndinni vann Ragnhildur Helga Jónsdóttir, starfsmaður Landsskrifstofu Staðardagskrár 21.

Þessi nefnd ásamt hreppsnefnd ákvað í upphafi hvaða málaflokkar skyldu teknir fyrir og þeir eru: samvinna íbúa og sumarhúsafólks, drykkjarvatn, fráveitumál, úrgangsmál, umhverfisfræðsla, menningarminjar og náttúruvernd, samgöngur og auðlindir svæðisins. Farið var yfir stöðu mála í hverjum flokki og helstu verkefni hvers málaflokks sem ráðast þarf í. Verkefnum hvers málaflokks er raðað í forgangsröð, þannig að þau sem brýnust eru, séu efst á blaði. Gildistími Staðardagskrár 21 fyrir Skorradalshrepp er til ársins 2016 og er miðað við að öllum verkefnum í málaflokkunum verði lokið þá. Hins vegar skal reglulega unnið að endurskoðun Staðardagskrárinnar og farið yfir hvaða verkefnum sé lokið og tekin inn ný verkefni sem ráðast þarf í. Jafnframt getur forgangsröðun verkefna breyst á gildistímanum.

Við val mál á málaflokkum var rætt um hvort skipulagsmál ætti að vera sér málaflokkur þar sem um mjög mikilvægt atriði væri að ræða við þær aðstæður sem eru í Skorradalshreppi. Það var hins vegar ákveðið að sleppa þessum málaflokk í ljósi þess að verið er að vinna aðalskipulag hreppsins, þar sem fer fram framtíðarstefnumótun í þessum málum. Bæði Staðardagskrá 21 og aðalskipulag hreppsins munu gilda til 2016 og því væri óeðlilegt að setja fram stefnumótun í Staðardagskrárskjalinu

sem e.t.v færi ekki saman við aðalskipulagið, þar sem gildistíminn er sá sami og það er hreppsnefndin sem stendur að þessu hvoru tveggju. Við vinnu Staðardagskrárnefndarinnar komu inn ábendingar um skipulagsmál, svo sem varðandi hve marga bústaði svæðið geti borið og hvaða áhrif fjölgun bústaða í dalnum geti haft. Nefndin beinir því til skipulagsnefndar hreppsins að sérstaklega verði hugað að þessum ábendingum og leggur jafnframt til að skipulagsnefndin ráði sér ráðgjafa á sviði skipulagsmála sem geti veitt faglega aðstoð í þessum málum, sem og öðrum sem koma til kasta skipulagsnefndarinnar.

Við alla vinnu hefur verið reynt eftir megni að þætta saman gerð Staðardagskrár 21 og aðalskipulags Skorradalshrepps, sem áætlað er að ljúki árið 2004.

Í viðauka 1 við skjalið eru hugmyndir að öðrum verkefnum, sem komið hafa upp í vinnunni. Við endurskoðun er hægt að líta til þessa lista, auk annarra hugmynda, þegar ákveðin eru ný verkefni sem ráðast þarf í.

Í viðauka 2 er listi yfir helstu lög og reglugerðir sem varða líf og starf í Skorradalshreppi. Þessi listi er ekki tæmandi en er ætlað að vera stuðningur við meðhöndlun mála. Auk þessa eru í viðaukanum tilgreindar aðalnámskrár, Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008, gildandi skipulag svæðisins, gjaldskrár og samþykktir hreppsins.

Með áætlun þessari er kominn vegvísir í starfi hreppsnefndar, íbúa og sumarhúsafélaga á næstu árum og það er von þeirra sem standa að þessu að þetta megi verða samfélaginu til heilla og stuðla að sjálfbærri þróun þess á komandi árum.



**Staðardagskrá 21**

**Skorradalur**

**Hvaða áhrif viljum við  
hafa á þróun þessa samfélags?**

## Samvinna íbúa og sumarhúsafólks



### Staðan 2004

Á tímabili hittust formenn sumarhúsafélaga í Skorradal og hreppsnefnd einu sinni á ári á samráðsfundum. Þessi samráðsvettvangur hefur fallið niður sl. tvö ár.

Félög sumarhúsaeigenda halda ekki sameiginlega samráðsfundi og ekki eru íbúafundir haldnir.

Sumarhúsafélögin miðla upplýsingum til félagsmanna sinna á aðalfundum og með fréttabréfum. Landeigendur hafa þar komið einstaka atburðum á framfæri.

Sumarhúsafélögin hafa komið ýmsu gagnlegu á framfæri á vefsíðunni [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is).

Viðræður standa nú yfir milli Skorradalshrepps, Borgarfjarðar-sveitar, Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps og Kolbeinsstaðahrepps um sameiningu þessara sveitarfélaga. Kosið verður um sameiningu vorið 2005.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og sumarhúsafólk í Skorradal vilja auka samskipti, tryggja upplýsingaflæði og skapa samkennd sín í milli, með því að:

- Skorradalshreppur gerist aðili að [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) og noti síðuna til að koma á framfæri upplýsingum/tilkynningum til íbúa og sumarhúsafólks.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*

- endurvekja árlega samráðsfundi hreppsnefndar og formanna sumarhúsafélaga í dalnum.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og sumarhúsafélög í dalnum.*



- hvetja sumarhúsafélög á svæðinu til að mynda með sér samtök sem geti komið fram sem sterkur aðili fyrir hönd sumarhúsaeigenda.

*Ábyrgð: Sumarhúsafélög í dalnum.*

- hvetja landeigendur til að huga vel að framþróun byggðar í dalnum við skipulagningu sumahúsabyggðar. Sjónarmið velferðar sumarhúsaeigenda mega ekki gleymast.

*Ábyrgð: Landeigendur og félag sumarhúsaeigenda.*

- komið verði á framfæri upplýsingum um helstu gjaldaliði sveitarfélagsins, um leið og álagningarseðlar fasteigna-gjalda eru sendir út.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*

- sameiginlegur upplýsingafulltrúi á vegum íbúa og sumarhúsafólks verði ráðinn til reynslu í tvö ár. Starfssvið hans verði að sjá um að taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri milli aðila og/eða setja þær inn á heimasíðuna [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) ef það á við.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og sumarhúsafélög í dalnum.*

## Drykkjarvatn



### Staðan 2004

Drykkjarvatn fæst með mismunandi hætti í hreppnum:

- Einkaveitur fyrir lögbýli og sumarhúsahverfi.
- Í eigu Skorradalshrepps: Vatnsveita í Birkimóa.

Við gerð deiliskipulags er gerð krafa um tryggt aðgengi að drykkjarvatni, en ekki við aðalskipulag. Í aðalskipulaginu eru vatnsverndarsvæði hins vegar sýnd kringum vatnsból í hreppnum. Eigendur vatnsveitnanna bera ábyrgð á gæðum drykkjarvatnsins.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ber ekki að hafa eftirlit með vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum (Rgl. nr. 536/2001 um neysluvatn).

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að tryggt verði hreint og ómengað drykkjarvatn með því að:

- lokið verði við gerð vatnsverndarsvæða kringum núverandi vatnsból eins og aðalskipulag gerir ráð fyrir.  
*Ábyrgð: Veitueigendur og landeigendur.*
- hvetja eigendur veitna til að koma á reglulegu eftirliti með veitum og vatnsbólum sínum og koma upplýsingunum á framfæri á heimasíðunni, [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is).  
*Ábyrgð: Veitueigendur.*
- rannsakaðir verði möguleikar þess að:
  - nota Skorradalsvatn eða Eiríkuvatn sem lind fyrir drykkjarvatn, sem síðan yrði síað og geislað
  - bora eftir köldu vatni, sem nýst gæti sem neysluvatn

*Ábyrgð: Hreppsnefnd, veitufyrirtæki, landeigendur og aðrir hagsmunaaðliðar.*

- vatn verði flokkað samkv. 8. gr rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns<sup>1</sup>.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- athugaðir verði aðrir möguleikar á framtíðar vatnsbóli fyrir aukna byggð í Skorradal.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*

## Fráveitumál



### Staðan 2004

Hreppurinn hefur styrkt kaup og niðursetningu rotþróa á lögbýlum. Á sjötta hundrað rotþróa eru við sumarhús í hreppnum. Á nokkrum stöðum er óljóst hvar þær eru staðsettar.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með rotþróatæmingum. Rotþróargjald er innheimt árlega, til að standa undir tæmingum sem fara fram á þriggja ára fresti.

Ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á mengun frá rotþróum, hvorki í jarðvegi né í Skorradalsvatni né verið unnið að flokkun vatns (samkv. 8. gr rgl. nr. 796/1999).

---

<sup>1</sup> Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn til að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Skulu þær einnig skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu og á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýgingarupprátt sem sýnir ástand vatns. Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun gerir ráð fyrir.

Rannsókn á mengun í Skorradalsvatni fór fram fyrir um 10 árum. Heilbrigðisfulltrúa hefur verið falið að taka sýni vegna mengunarmælinga haustið 2004 og aftur vorið 2005.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að tryggt sé að fráveitumál séu í lagi með því að:

- tryggt sé að allar rotþrær í hreppnum séu hreinsaðar reglulega.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd*

- vaktað verði með rannsóknum fagaðila, hvort mengun kunni að vera af frárennsli,
  - í Skorradalsvatni og Andakílsá
  - í jarðvegi

*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*

- kannað verði hvort hægt sé að tengja rannsóknir af þessu tagi við nemendaverkefni t.d. hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri eða Raunvísindadeild HÍ.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*

## Úrgangsmál



### Staðan 2004

Gámar fyrir heimilissorp eru á sjö stöðum í hreppnum. Úrgangur er nær óflokkaður, nema járn- og timburgámar eru staðsettir við Mófellsstaði. Árið 2003 var magn óflokkaðs úrgangs 106 tonn, 14,5 tonn af brotajárni og 38,5 tonn af timbri. Úrgangur frá atvinnurekstri er ekki aðskilinn frá heimilisúrgangi.

Úrgangur er fluttur á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum á Mýrum.

Innheimt er sorphirðugjald sem stendur ekki undir kostnaði við sorphirðuna.

Eftirlit með sorphirðu er í höndum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Gert er ráð fyrir að íbúar/dvalargestir fari sjálfir með úrgang spilliefna á viðurkennda móttökustaði.

Upplýsingum um staðsetningu gáma er ekki nægilega komið á framfæri.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að tryggt sé að úrgangsmál séu í lagi með því að:

- upplýsingum um staðsetningu gáma ásamt hvatningu til fólks til að flokka úrganginn rétt, verði dreift til íbúa og sumarhúsafólks með dreifibréfum og upplýsingum á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is).

*Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við félag sumarhúsaeigenda.*

- upplýsingar um losun byggingarúrgangs og spilliefna verði látnar fylgja byggingarleyfi.

*Ábyrgð: Skipulags- og byggingarnefnd Borgarfjarðar, hreppsnefnd.*

- gerð verði 12 ára áætlun um meðhöndlun úrgangs í Skorradalshreppi í samræmi við 8. gr. rgl. nr. 737/2003<sup>2</sup>. Í áætluninni verði sett fram hvaða leiðir séu færar til að lágmarka myndun úrgangs og auka flokkun.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- sveitarsjóður beri ekki kostnað af hirðingu og meðhöndlun úrgangs heldur skuli sorpgjöld standa undir því. Beitt sé hagrænum hvötum, sbr. mengunarbótareglu<sup>3</sup>.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- komið verði á söfnun skilgjalddsskyldra drykkjarumbúða.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd, t.d. í samráði við íþróttafélög/ ungmennafélög.*
- kannaðir verði möguleikar á að koma á meiri flokkun úrgangs á gámasvæðum, s.s. pappír og drykkjarfernur.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*
- kannaðir verði möguleikar á að færa gámasvæði í alfaraleið. Það svæði verði afgang og með fleiri flokkunarmöguleikum en nú er.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur, félög sumarhúsa-eigenda.*

---

<sup>2</sup> Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst tólf ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota eða endurnýta úrgang og förgunarleiðum. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.

<sup>3</sup> Mengunarbótareglan kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur vegna skaða sem þeir valda. Á Íslandi er mengunarbótareglunni til dæmis framfylgt með því að leggja spilliefnagjald á öll spilliefni.

## Umhverfisfræðsla



### Staðan 2004

Í Stálpastaðaskógi eru tvö trjásöfn og þar eru merktir göngustígar. Starfsmenn Skógræktar ríkisins veita leiðsögn um skóginn, sé þess óskað.

Í vinnslu er fræðslubæklingur og gönguleiðakort fyrir Sildarmanna-götur, sem einstaklingar geta nálgast við upphaf leiðarinnar í Hvalfirði.

Við Fitjaengjar hefur verið komið upp fræðsluskilti um örnefni og gróðurfar.

Fræðsluefni um umhverfismál hefur ekki verið sérstaklega unnið, en á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) hefur eitthvað af slíku efni verið sett inn.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal hvetja til þess að náttúran, sagan og umhverfið sé nýtt til fræðslu og skemmtunar með því að:

- heimasíðan [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) verði eflað og nýtt til miðlunar margskonar umhverfisfræðslu. Verði hluti af starfssviði sameiginlegs starfsmanns að setja inn sem mest af þeim upplýsingum sem til eru á við og dreif, s.s. kortum með skráðum örnefnum, útbreiðslu einstakra fuglategunda og fleira.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við fleiri aðila.*

- komið verði á samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, t.d. með námsferðum nemenda eða námskeiðum fyrir almenning/sumarhúsafólk.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd.*

- hvetja íbúa og sumarhúsafólk til þátttöku í vistvænum verkefnum.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og félag sumarhúsaeigenda.*

- Skógrækt ríkisins verði hvött til að stuðla að atburðum og fræðsluverkefnum í skóginum, auk þess að koma upp annars konar búnaði/leiktækjum sem lið í að auka upplifun fólks af skóginum og nýtingu hans.

*Ábyrgð: Skógrækt ríkisins, Vesturlandsdeild; Hreppsnefnd.*

- fjölbreytni svæðisins til útivistar verði kynnt og það nýtt betur t.d. með því að komið verði upp „viðburðadagatali“ fyrir hreppinn, þar sem tilgreint er hvað sé á dagskrá yfir árið (t.d. „Skorrdælingar bjóða heim“, skipulagðar gönguferðir, hjólreiðakeppni, maraþon, dorgveiðikeppni, skautakeppni, siglingakeppni, o.s.frv.). Þetta sé gert til að festa ákveðna viðburði í sessi. Þessu verði komið á framfæri á heimasíðu hreppsins.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og félag sumarhúsaeigenda.*



## Menningarminjar og náttúruvernd



### Staðan 2004

Tvö svæði í dalnum eru á náttúruminjaskrá; Vatnshornsskógur og Fitjamýri. Samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008, sem samþykkt var á Alþingi vorið 2004, er lagt til að unnið verði að friðlýsingu Vatnshornsskógar.

Unnið hefur verið að fornleifaskráningu í hreppnum í tengslum við deiliskipulagsvinnu.

Lagt hefur verið til að Skorradalur verði tilraunaverkefni í skráningu menningarminja í samvinnu við Fornleifavernd ríkisins og fleiri aðila. Unnið er að því að afla styrkja til að koma skráningunni af stað.

Skorradalshreppur gekkst fyrir gerð örnefnakorta af öllum jörðum í hreppnum árið 2001 og er unnið að frágangi þeirra.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að stuðlað sé að náttúruvernd og varðveislu menningarminja í dalnum með því að:

- dregið verði verulega úr miðlunarsveiflum í Skorradalsvatni.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd, Orkuveita Reykjavíkur, Veiðifélag Skorradalsvatns.*
- Vatnshornsskógur verði friðlýstur og unnið verði að gerð göngu- og reiðstíga í honum.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd, Umhverfisstofnun, Skógrækt ríkisins.*

- sem mestum upplýsingum um náttúruna verði komið á framfæri, bæði á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is) og með gerð upplýsingaskilta.

*Ábyrgð: Landeigendur og hreppsnefnd.*

- áttak verði gert í skráningu menningaminja í Skorradal. Leitað verði til íbúa dalsins, þegar skráning fer fram, til að nýta sem best þekkingu heimamanna. Til eru margs konar upplýsingar um minjar í hreppnum en áhugavert frumkvöðulsverkefni væri að koma þessum upplýsingum saman á einn stað í tölvutæku formi. Lagt er til að þetta verði á verksviði sameiginlegs upplýsingafulltrúa.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og Fornleifavernd ríkisins.*

- gamla húsið á Mófellsstöðum verði gert að safni, t.d. með munum frá Þórði blinda.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd í samvinnu við ábúendur og Safnahús Borgarfjarðar.*

## Samgöngur



### Staðan 2004

Akvegir í Skorradal eru skilgreindir eftirfarandi:

Þjóðvegur/tengivegur frá hreppamörkum við Borgarfjarðarsveit og að Fitjum. Einnig vegurinn frá Geldingadraga yfir á Hestháls og Mófellsstaðavegur. Bundið slitlag er frá hreppamörkum að norðanverðu og inn að Vatnsenda, annað eru malarvegir.

Landvegur frá Fitjum inn á Uxahryggjaleið, malarvegur.

Safnvegur frá Dragavegi inn með Skorradalsvatni að sunnanverðu að Felli, malarvegur.

Árið 2002 var framkvæmd umferðartalning á Skorradalsvegi austan Dragavegar af Vegagerð ríkisins. Samkvæmt þeirri talningu er

sumardagsumferð 279 bílar á dag og ársdagsumferð er 181 bíll á dag.

Síldarmannagötur eru bæði reiðvegur og gönguleið. Reiðleiðir yfir í Lundarreykjadal eru annars vegar frá Háafelli og hins vegar frá Dagverðarnesi um Skarðsdal. Í aðalskipulaginu er einnig gert ráð fyrir reiðleið sunnan Skorradalsvatns og inn á Uxahryggi.

Fastar símalínur ná inn að Dagverðarnesi að norðanverðu og inn að Indriðastöðum að sunnanverðu. Auk þess vantar símalínu á Horni. Þessar símalínur þarfnast endurnýjunar.

Þráðlaust fjarskiptasamband fyrir síma og netnotkun er komið á víða í dalnum.

Sjónvarps- og útvarpssendingar eru víða óviðunandi.

## Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að stuðlað sé að sem bestum vega- og fjarskiptasamgöngum í dalnum með því að:

- reglur verði settar um umferð vélknúinna farartækja á Skorradalsvatni.

*Ábyrgð: Veidifélag Skorradalsvatns/landeigendur, hreppsnefnd og stjórnir sumarhúsafélaga.*

- malarvegir verði endurbættir og að reynt verði að finna bestu leiðina til að halda hámarks hraða í samræmi við aðstæður, t.d. með skiltum eða hraðaskynjara með blikkljósi sem sýni hraða og áminni fólk.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og Vegagerð ríkisins.*

- áfram verði haldið að bæta fjarskiptakerfið, þannig að net-, síma- og sjónvarpsskilyrði verði tryggð í öllum dalnum.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd og félag sumarhúsaeigenda*

- komið verði upp sérmerktum göngu- og reiðleiðum, utan akvega. Sérstaklega verði hugað að göngubrautum með vegum í sumarhúsahverfunum þar sem þjóðvegir liggja um svæðin.

*Ábyrgð: Hreppsnefnd, landeigendur og Vegagerð ríkisins.*



## **Auðlindir svæðisins**

## Vatnasvið Skorradalsvatns



### Staðan 2004

Umhverfi Skorradalsvatns mótast mjög af nýtingu þess sem vatnsmiðlun fyrir Andakílsárvirkjun. Sveiflur eru miklar milli árstíma og hefur það áhrif á uppeldisstöðvar fisks í vatninu, auk þess sem hætta er á rofi á strandsvæðum, þegar vatnsstaða er há.

Andakílsá nýtist ekki sem veiðia þar sem ófullnægjandi skilyrði eru fyrir fisk í henni vegna virkjunar árinna og vatnsmiðlunarinnar í útfalli hennar úr Skorradalsvatni.

Fitjaá hefur lítið verið nýtt sem veiðia, en er vaxandi veiðia vegna urriðagengdar í hana. Lítið sumarrennsli í ána dregur þó úr möguleikum hennar sem veiðiaár.

Orkuveita Reykjavíkur hefur ákveðið að leggja fjármagn í rannsóknir á Skorradalsvatni og áhrifum miðlunarinnar á fiskinn í vatninu.

Fremst í Skorradal er Eiríkuvatn sem er 0,77 km<sup>2</sup> að stærð og liggur í 278 m hæð yfir sjó. Nokkur silungsveiði er í vatninu, bæði að sumri og vetri. Fitjaá rennur úr því og í Skorradalsvatn.

Stofnað var Veiðifélag Skorradalsvatns sem nær til vatnsins, fiskgenga hluta Fitjaár og Andakílsár ofan Fossa. Veiðifélagið hefur ekki starfað undanfarin ár.

## Orka

### Staðan 2004

Skorradalsvatn er notað sem miðlunarlón fyrir Andakílsárvirkjun. Afkastageta virkjunarinnar eru 8,2 MW og meðaltals ársorkuvinnsla er um 34 GWh. Yfirborðssveiflur af völdum vatnsmiðlunar virkjunarinnar geta numið allt að 2 metrum, en náttúruleg sveifla yfirborðsins, fyrir vatnsmiðlun virkjunarinnar, er talin hafa verið nálægt 70 sm.

Heitt vatn er í tveimur borholum í Skorradal, annars vegar í landi Stóru-Drageyrar, sem hefur verið virkjuð, og hins vegar í landi Hvamms, sem enn hefur ekki verið virkjuð.

Enginn stefna hefur verið mörkuð um orkunotkun í hreppnum.

## Námur

### Staðan 2004

Nokkrar efnisnámur eru í hreppnum, misjafnlega stórar. Meðal annars er um að ræða námur í árfarvegum og við vatnsborð Skorradalsvatns.

Allar nýjar námur þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meira, skulu fara í mat á umhverfisáhrifum, samkv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Einnig ef fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra.

## Skógur



### Staðan 2004

Skógur er víða í Skorradal, bæði villtur og ræktaður og hefur hann margháttað gildi, bæði fjárhagslegt og menningartengt.

Vatnshornsskógur er skilgreindur sem náttúruminjar og samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er lagt til að hann verði friðlýstur.

Lundur í landi Háafells frá 1938 er heimild um menningarminjar.

Þjóðskógurinn á Stálpastöðum hefur verið í ræktun frá 1952 og hefur verið unnið að grisjun hans síðastliðin ár. Aukin áhersla er á skóginn sem tækifæri til útivistar og afþreyingar auk þess að hann veiti miklar upplýsingar til skógræktarfólks.

Ýmsar nýttjar er hægt að hafa úr skógum fyrir utan útivistar- og fræðslugildi.

## Útivist og upplifun



### Staðan 2004

Í dalnum eru víða góðir möguleikar til útivistar. Áhugi almennings á útivist hefur aukist á undanförunum árum, en engin sérstök svæði, utan Stálpastaðaskógar og Selskógar eru sérmerkt sem útivistarsvæði.

Með friðun Vatnshornsskógar skapast nýir útivistarmöguleikar.

Skorradalsvatn gefur ýmsa möguleika, bæði sumar og vetur. T.d. fyrir skauta-, seglbáta-, seglsleða- og seglbrettakeppni.

Vegalengdin umhverfis Skorradalsvatn gæti hentað til maraþonhlaups.

Skarðsheiðin er áhugaverð fyrir göngu og klifuríþróttir.

Skorradalur gefur tilefni til upplifunar af ýmsum toga, t.d. þögn í náttúrunni, norðurljós, útsýni, lykt, vatnsniður o.fl. Misjafnt er hvað hver og einn lítur á sem auðlind í þessum efnum, en vaxandi áhersla er lögð á „upplifun“ í ferðaþjónustu.

Búið er að stofna nefnd með fulltrúum frá Skorradalshreppi, Veiðifélagi Skorradalsvatns og Orkuveitu Reykjavíkur um ráðstöfun fjármagns til rannsókna í tengslum við Skorradalsvatn og nýtingu þess sem miðlunarlóns.

### Framtíðarsýn og brýn verkefni

Íbúar og þeir sem dveljast í Skorradal vilja að auðlindir svæðisins nýtist og varðveitist sem best með því að:

- yfirborðssveifla Skorradalsvatns verði færð í átt til náttúrulegrar sveiflu, bæði til að vernda búsvæði fisks og til að draga úr landbroti sem stöðugt á sér stað meðfram vatninu.

*Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur, Veiðifélag Skorradalsvatns og hreppsnefnd.*

- nægu vatni verði veitt í farveg Andakílsár, ofan virkjunar, til að þar verði lífvænlegt fyrir fisk. Þá verði búsvæði fisksins í ánni lagfærð.  
*Ábyrgð: Orkuveita Reykjavíkur, Veiðimálastofnun og landeigendur að ánni.*
- Við ráðstöfun rannsóknafjármagns Orkuveitu Reykjavíkur á áhrifum miðlunar Skorradalsvatns, verði einkum skoðað það vandamál sem lýtur að landbroti við vatnið. Upplýsingum um gang mála verði komið inn á heimasíðu hreppsins.  
*Ábyrgð: Hreppsnefnd og fulltrúi hreppsins og veiðifélagsins í samráðsnefnd Orkuveitu Reykjavíkur um ráðstöfun rannsóknafjármagns.*
- Veiðifélag Skorradalsvatns verði endurvakið og veiðifélag Eiríksvatns verði stofnað, arðskrá gerð fyrir vötnin og samráð aukið við eigendur Andakílsárvirkjunar um rannsóknir og nýtingu Skorradalsvatns.  
*Ábyrgð: Veiðifélögin, veiðiréttareigendur Orkuveita Reykjavíkur og hreppsnefnd.*
- malarnám verði ekki gert í fjöruborði eða árfarvegum, nema að undangenginni úttekt Veiðimálastofnunar og Umhverfisstofnunar, óháð stærð námanna. Vegna lítils undirlendis í sveitarfélaginu verði settar þrengri reglur um mat á umhverfisáhrifum malarnáma en eru samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.  
*Ábyrgð: Landeigendur og hreppsnefnd.*
- nota vistvæna orku og draga úr útblæstri koltvísýrings eins og kostur er, t.d. notkun vatnsorku, sólarorku og sparneytnari ökutækja.  
*Ábyrgð: Hver og einn.*
- hvetja til þess að heita vatnið í dalnum verði nýtt meira og víðar en nú er, bæði til einkanota og í atvinnuskyni. Veitustjórnir verði jafnframt hvattar til að ganga tryggilega frá affallsvatni þannig að sem minnst mengun hljótist af.



*Ábyrgð: Veitueigendur.*

- ýtt verði undir upplifun fólks af mismunandi fyrirbrigðum í umhverfinu og sköpuð skilyrði til skynjunar á umhverfinu, s.s. lyktarskyns, snertingar, hljóðs/þagnar o.s.frv.

*Ábyrgð: Landeigendur í samvinnu við nemendur í Umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.*



**Verkefnabanki**

Hugmyndir að fleiri verkefnum í málaflokkum Staðardagskrár 21 í Skorradalshreppi

### **Samvinna íbúa og sumarhúsafólks**

- Komið verði á vísí að verzlun í dalnum sem hafi á boðstólnum nauðsynjar, og geti auk þess gegnt hlutverki upplýsingamiðstöðvar.

### **Drykkjarvatn**

- Kannaður verði möguleika á því að einn aðili sjái um og reki vatnsveitur í dalnum.

### **Fráveitumál**

- Fræðsluefni um rotþrær verði komið til sumarhúsafólks, t.d. um hreinsun rotþróa, hvaða hreinsiefni megi fara í rotþrær o.s.frv. Til þess að koma þessu á framfæri verði heimasíða Skorradals meðal annars notuð.

### **Úrgangsmál**

- Tilraunir verði gerðar með heimajarðgerð meðal íbúa og/eða í sumarhúsahverfi. Auglýst verði eftir áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í tilrauninni. Sveitarfélagið útvegi viðurkenndar jarðgerðartunnur, sem þátttakendur geta fengið, gegn vægu gjaldi. Sveitarfélagið tryggi þátttakendum aðstoð við verkefnið og upplýsingum verði komið á framfæri, bæði áður en hafist er handa, sem og í framhaldinu. Eftirfylgni verði mjög ríkur þáttur í þessu verkefni.

### **Umhverfisfræðsla**

- Komið verði á skipulögðum gönguferðum yfir sumarið, t.d. á Hestfjall, Skarðsheiði og upp með Fitjaá, og þeim komið á framfæri við sumarhúsafólk sem og aðra. Þetta verði gert að árvissum göngum.
- Sveitarfélagið gerist aðili að „Vistvernd í verki“ og hvetji íbúana til þátttöku í verkefninu. Þannig stuðli sveitarfélagið að umhverfisfræðslu til almennings.
- Markvisst sé boðið upp á fræðsluefni, leiðsögn og verkefni fyrir grunnskóla sem koma vilja í námsferðir í Skorradal.

- Upplýsingaskilti með korti af gönguleiðum á svæðinu, verði komið upp t.d. við krossgötur hjá Grund.
- Aðilar í hreppnum standi sameiginlega að opnum degi, „Skorrdælingar bjóða heim“, þar sem ýmsir aðilar, bæði bændur og stofnanir, bjóða almenningi að koma og kynnast starfseminni.
- Útbúnir verði fræðslustígar með mismunandi þema.

### **Menningarminjar og náttúruvernd**

- Komið á samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri um afmörkuð verkefni í skráningu menningarminja og athyglisverðra staða í Skorradal.

### **Samgöngur**

- Setja þarf betri merkingar með vegunum, þar sem m.a. er varað við umferð ríðandi og gangandi manna.
- Fleiri gönguleiðir í sveitarfélaginu verði merktar og kortlagðar.
- Kannaður verði möguleiki á því að koma upp eftirlitsmyndavélum með umferð.

### **Auðlindir svæðisins**

- Sveitarstjórn móti stefnu, sem tryggji aðgengi almennings að Skorradalsvatni hvar sem er. Nokkrir metrar næst vatnsborði verði aðgengilegir gangandi fólki.
- Gerð verði rannsókn á stofnstærð fisks í vatninu og hversu mikla nýtingu stofninn þoli.
- Komið verði á reglulegum fræðslu- og gönguferðum um skóga á svæðinu.
- Í samráði við sérfróða aðila verði unnið að því að efla Skarðsheiðina sem útivistarsvæði.
- Athugað verði hver markaðstækifæri eru fyrir fisk úr Skorradalsvatni.
- Komið verði á dorgkeppni að vetri til, sem verði á sama tíma á ári hverju. Afbrigði verði gerð á henni ef íslaust er.
- Kannað verði hvort strönd Skorradalsvatns geti uppfyllt skilyrði Bláfánans.



## Helstu lög og reglugerðir

Vatnalög nr. 15/1923.  
Lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.  
Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.  
Lög nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum.  
Lög nr. 37/1993 Stjórnsýslulög.  
Lög nr. 78/1994 um leikskóla.  
Lög nr. 66/1995 um grunnskóla.  
Lög nr. 93/1995 um matvæli.  
Lög nr. 80/1996 um framhaldsskóla.  
Lög nr. 73/1997 Skipulags- og byggingarlög.  
Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998.  
Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.  
Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.  
Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.  
Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.  
Lög nr. 3/1955 um skógrækt.  
Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.  
Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

Byggingareglugerð nr. 441/1998.  
Reglugerð nr. 149/1989 um meindýraeyða.  
Reglugerð nr. 157/1993 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.  
Reglugerð nr. 421/1992 fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum.  
Reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, með síðari breytingum.  
Reglugerð nr. 501/2003 um úrvinnslugjald.  
Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.  
Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.  
Reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs.  
Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.  
Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.  
Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.  
Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit.  
Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.  
Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna.  
Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.  
Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.  
Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.  
Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.  
Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.  
Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Aðalnámsskrár grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla.  
Gildandi svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-  
2017.  
Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Skorradalshreppi. Nr.  
840/2002.  
Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi. Nr.  
294/2003.  
Náttúruverndaráætlun 2004-2008, þingsályktunartillaga.  
Samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi. Nr.  
759/2002.

Mynd á forsiðu; Mats Wibe Lund  
Hönnun og umbrot. Helena Guttormsdóttir, Þórunn Edda Bjarnadóttir  
Ljósmyndir; Ádís Dögg Orradóttir, Brynja Ingólfadóttir, Davíð  
Pétursson, Finnbogi Gunnlaugsson, Gísli Baldur Henryson, Hlynur  
Gauti Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Pétur Davíðsson.